



Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Sölvhólgötu 4
150 Reykjavík

Reykjavík, febrúar 2020
Mál nr. 26/2020

Efni:

Umsögn ASÍ um tillögu um að færa námslok félagsliða af hæfniprepi 2 á hæfniprep 3.

Frá því að nám félagsliða hófst, árið 2011 hafa hæfnikröfur aukist og starfið breyst. Auknar kröfur eru gerðar til félagsliða, samhliða því að auknar kröfur eru gerðar í velferðar – og heilbrigðisþjónustu. Því er mikilvægt að nám félagsliða sé í samræmi við þær hæfnikröfur sem gerðar eru til starfa félagsliða í dag.

Frá árinu 2006 hafa 2285 einstaklingar farið í gegnum brúarnám í félagsliðanum hjá símenntunarstöðvum landsins. Námið hefur veitt þeim einstaklingum réttindi til að starfa sem félagsliðar. Frá árinu 2014 hafa 133 farið í gegnum raunfærnimat. Raunfærnimatið hefur leitt til þess að einstaklingar sem hafa meira en 3ja ára starfsreynslu á vinnumarkaði og eru eldri en 23 ára eru enn frekar tilbúnir að fara í nám þegar þeir hafa fengið hluta af náminu metið. Það er mjög mikilvægt að sá hópur sem nú starfar sem félagsliðar fái áfram tækifæri til að fá reynslu sína metna. Það félagsliðanámið sem í boði hefur verið í símenntunarmiðstöðvunum hefur hækkað menntunarstig hjá umönnunarstéttum svo um munar enda bjóða miðstöðvarnar uppá umhverfi sem hentar ákveðnum hópum betur en hið formlega framhaldsskólakerfi. Allar breytingar á náminu þurfa að tryggja að þessi leið sé enn opin.

Hér á eftir eru nokkrar ábendingar sem ASÍ vill koma á framfæri.

Eins og kemur fram í texta úr Samráðsgátt, segir:

„Ef breytingin verður samþykkt mun ný námsbrautalýsing vera unnin innan framhaldsskólakerfisins. Jafnframt verður unnin starfstengd námskrá innan framhaldsfræðslukerfisins sem mun gilda inn í nám félagsliða í framhaldsskólum. Fulltrúar beggja kerfa munu skoða hvaða hæfnipættir á námsbraut félagsliða falla að hlutverki framhaldsfræðslunnar. Í framhaldi verður gerð yfirlýsing um einingamat milli námsleiða fyrir verðandi félagsliða innan framhaldsfræðslu og í framhaldsskóla.“

Það þarf að útfæra þetta nánar. Það kemur ekki skýrt fram hvernig framhaldsfræðslan kemur að nýrri námskrá og ýmsar spurningar vakna sem þarf að svara, áður en lengra er haldið.



- Hversu stóran hluta námsins getur viðkomandi tekið hjá símenntunarstöðvunum?
- Verður áfram í boði að kenna eftir nýrri námsskrá hjá símenntunarstöðvunum og ljúka því með formlegum námslokum á 2. þrepi? Brúarnám er eina námið innan framhaldsfræðslunnar sem hefur formleg námslok á 2. þrepi.
- Mun brúarnám falla niður og einungis kennt staðarnám þar sem ekki verður metin inn starfsreynsla. Þurfa allir að taka allt? Skv. textanum virðist sem ekki sé gert ráð fyrir formlegum starfstengdum námslokum á 2. þrepi.
- Hvernig verður komið til móts við fólk á landsbyggðinni? Ef aðeins verður boðið uppá nám félagsliða á 3ja þrepi á höfuðborgarsvæðinu og á öðru þrepi á landsbyggðinni má búast við því að aðsókn í námið minnki, þar sem jafnt aðgengi er ekki fyrir hendi.
- Verður raunfærnimat á móti námsskrá líkt og er með námið í félagsliðanum í dag?

Mikilvægt að hefjast handa strax við undirbúning þessara breytinga og að almenn sátt náist um málið. Þá þarf einnig að gefa framhaldsfræðslukerfinu meira svigrúm til að aðlaga sig að þessum breytingum m.a. með vinnu við gerð námsskrár, raunfærnimats, o.s.frv..

Áður en lengra er haldið viljum við fara fram á að ráðuneytið, í samvinnu við hagsmunaaðila, fari án tafar í vinnu við undirbúning og framkvæmd þessarar breytingar, áður en hún tekur formlega gildi. Við erum tilbúin í þá vinnu með það að markmiði að styrkja framhaldsfræðsluna (í samræmi við vilja stjórnvalda) en jafnframt að hæfniprepin endurspegli störf félagsliða eins og tillagan segir til um.

Með kveðju

Drífa Snædal
forseti ASÍ